



## Fundargerð

389. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 14. janúar 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Ágúst Már Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, samþykkt að taka þrjú mál á dagskrá, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir

#### 1. 388. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 15. desember 2015.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### 2. Skipulags-, húsnæðis- og hafnanefnd 11. janúar 2016.

*Formaður fór yfir fundargerðina.*

##### 2.1. 1601001 – Gjaldskrár 2016, Reykhólahöfn.

*ÁMG lagði fram tillögu að breytingu á lið 1 í 11. gr., undir liðinn kæmi þang og þari og gjald þess liðar yrði það sama og samþykkt lágmarksgjald og greinin um lágmarksgjald, síðasta málsgrein 11. greinar falli út. Þörungamjöl falli úr lið 1 í lið 2 í grein 11 og gjald þess liðar verði það sama og er í 1. lið nú. Þá lagði hann til breytingu á lið 15. Þar yrði bætt inn lið, 201 brt. og stærri skip greiði kr. 4.466. Tillagan samþykkt samhljóða.*

*Gjaldskrá Reykhólahafnar samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Samþykkt samhljóða.*

##### 2.2. 1509015 – Áætlun um meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum.

*Áætlun um meðhöndlun úrgangs og farmleifa samþykkt samhljóða, sveitarstjóra falið að senda áætlunina til Umhverfisstofnunar til staðfestingar. Samþykkt samhljóða.*  
*Áætlun um úrbætur vegna eftirlits, samþykkt samhljóða.*

##### 2.3. 1601011 – Skálmarnesmúli 139676, afskráning fasteignar 221-5355.

*Sveitarstjórn samþykkir afskráningu fasteignarinnar 221-5355. Samþykkt samhljóða.*

##### 2.4. 1601003 – Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, Kaldárvirkjun.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, Kaldárvirkjun. Samþykkt samhljóða.*

2.5.1601004 – Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, þverárvirkjun.  
*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, þverárvirkjun. Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

### **3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 11. janúar 2016.**

*Formaður fór yfir fundargerðina.*

3.1.1601001 – Gjaldskrár 2016, fráveita, vatnsveita og meðhöndlun úrgangs.  
*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrárnar samhljóða, sveitarstjóra falið að senda gjaldskrárnar til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til staðfestingar og síðan til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.*

3.2.1304010 – Hunda- og kattahald á Reykhólum.  
*Sveitarstjórn fór yfir samþykktina. Gerðar voru smávægilegar breytingar á r. lið 7. greinar um fjölda katta. Samþykktin er samþykkt samhljóða. Leita þarf staðfestingar á samþykktinni hjá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða. Finna þarf skilgreint svæði þar sem hundum í þorpinu er leyft að hlaupa um frjálsum. Bókun nefndarinnar að öðru leyti samþykkt samhljóða.*

3.3.1504017 – Samþykkt um fráveitur í Reykhólahreppi.

*Sveitarstjóra falið að fullvinna drög að samþykkt um fráveitur. Samþykkt samhljóða.*

3.4.1504018 – Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykhólahreppi.

*Sveitarstjóra falið að fullvinna drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Samþykkt samhljóða.*

3.5.1601007 – Starfsleyfi fyrir geymslustaði fyrir flokkaðan úrgang.  
*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og felur sveitarstjóra að sækja um starfsleyfi fyrir endurvinnslustöðina á Reykhólum.*

3.6.1601012 – Fegrun bæjarins, ristahlið og steypustöð.  
*Sveitarstjórn samþykkir að leitað verði til Vegagerðarinnar varðandi endurnýjun á ristahliði þar sem er innakstur í þorpið á Reykhólum. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málefni steypustöðvarinnar við Maríutröð til skipulags- og byggingafulltrúa.*

*Fundargerðin samþykkt í heild sinni.*

### **4. Mennta- og menningarmálanefnd 12. janúar 2016.**

*Formaður fór yfir fundargerðina.*

4.1 1601001 – Gjaldskrár 2016; leikskóladeild, máltíðir mótuneytis Reykhólahrepps, Grettislaug, tjaldsvæði, útleiga á húsnæði Reykhólaskóla vegna menningarviðburða og íþróttahúsi til íþróttar-, ungmenna- og félagsstarfs til heilsueflingar.

ÁMG lagði fram tillögu um breytingu á gjaldi fyrir skólaakstur leikskólabarna, að fella niður gjaldið. Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum, VP sat hjá.

*Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrárnar að öðru leyti samhljóða og felur sveitarstjóra að láta birta þær á vef sveitarfélagsins.*

4.2 1601008 – Námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Sveitarstjórn samþykkir umsókn um námsvist, sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar varðandi frávísun á erindi um skólaakstur enda tilheyrir erindið Dalabyggð. Samþykkt samhljóða.

## 5. Dreifbýlisnefnd 13. janúar 2016.

*Fundargerð lögð fram.*

### Mál til afgreiðslu

#### 1. 1601013 - Póstþjónusta, breyting á fyrirkomulagi dreifingar.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps vill koma á framfæri eftirfarandi ályktun:

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir sér grein fyrir þeim samdrætti sem orðið hefur í póstsendingum síðustu ár.*

*Sveitarstjórn gagnrýnir hins vegar þá ráðstöfun innanríkisráðuneytisins, að heimila í reglugerð nr. 868/2015 um breytingu á reglugerð um alþjónustu og framkvæmd pósthjónustu nr. 365/2003 að fækka dreifingardögum pósts um helming í sumum héruðum, í stað þess að gæta jöfnuðar, þannig að allir landsmenn, hvort heldur þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli, sitji við sama borð.*

*Í 10. gr. nýju reglugerðarinnar segir m.a.:*

*„Á dreifbýlissvæðum, þar sem kostnaður við dreifingu er þrefaldur eða meiri miðað við sams konar kostnað í þéttbýli, er rekstrarleyfishafa heimilt að fækka dreifingardögum í annan hvern virkan dag.“*

*Rekstrarleyfishafi tilkynnti umsvifalaust að það yrði gert.*

*Þetta stangast gersamlega á við það sem segir í reglugerðinni:*

*„Markmið reglugerðar um alþjónustu er að tryggja landsmönnum án mismununar, greiðan aðgang að pósthjónustu ...“*

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps harmar að ráðuneyti sem á að starfa í þágu allra landsmanna skuli samþykkja ójöfnuð í stað þess að vinna að og viðhalda jöfnuði fyrir alla landsmenn.*

#### 2. 1601006 – Upplýsingahorn í kaupfélaginu í Króksfjarðarnesi.

Erindi frá handverksfélaginu Össu dagsett 6. janúar 2016.

*Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir fjármagni í rekstur upplýsingamiðstöðvar á Reykhólum og upplýsingahorni í Króksfjarðarnesi og í Flatey.*

#### 3. 1510001 – Umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis.

- Frumvarp til laga um húsnæðisbætur (heildarlög), 407. mál.
- Frumvarp til laga um húsaleigulög (réttarstaða leigjenda og leigusala), 399. mál.
- Frumvarp til laga um almennar íbúðir (heildarlög), 435. mál.

*Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um ofangreind frumvörp, samþykkt samhljóða.*

### Mál til kynningar

**1. 1601005 – Framlenging ákvæðis um B-gatnagerðargjöld.**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 23. desember 2015.

*Lagt fram og kynnt.*

**2. 1503020 – Fundargerð heilbrigðisnefndar 11. desember 2015.**

2.1. Fundargerð 11. desember 2015.

2.2. Afgreiðsla heilbrigðisfulltrúa dagsett 16. desember 2015.

*Fundargerðir og afgreiðsla lögð fram og kynnt.*

**3. 1503019 – Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 8. október 2015.**

Fundargerð lögð fram.

### Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

**1510008 – Samningur um ráðgjafabjónustu vegna vinnu Alta við gerð svæðisskipulags Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar.**

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og veitir sveitarstjóra umboð til að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

**1601014 – Eyrarétt, nátthagi og sauðfjárveikivarnagirðing á Klettshálsi.**

Erindi frá Svandísi Reynisdóttur dagsett 11. janúar 2016.

Á fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir fé til viðhalds fjárrétta í sveitarfélaginu og sér umsjónarmaður fasteigna um að ráðstafa því fé. Ekki er gert ráð fyrir nýframkvæmdum á árinu.

**1601015 – Styrkbeiðni vegna útgáfu Árbókar Barðastrandarsýslu 2015.**

Erindi frá Hjörleifi Guðmundssyni vegna Sögufélags Barðastrandarsýslu.

Samþykkt að styrkja útgáfuna um 50.000 kr. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 20.50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____